



**SLYSAVARNADEILDIN  
ÞÓRKATLA GRINDAVÍK**

STOFNUÐ 12. JANÚAR 1977

**Slysavarnadeildin Þórkatla  
verður með kynningarfund 17. janúar kl.20.00 í húsi deildarinnar  
við Seljabót. Allir velkomnir. Hvetjum allar konur til að mæta og kynna sér  
starfið fyrir árið 2012. Verðum með heitt á könnunni og tökum vel á móti  
þér/ykkur.  
Meðfylgjandi er fréttabréf um það hvað við Þórkötlukonur  
vorum að gera á árinu 2011.**

\*Við byrjuðum árið á kynningardegri slysavarnadeilda 18. janúar og var það gert um allt land.  
Þetta er árlegur viðburður.

\*Kökubasar á bóndadegi var á sínum stað og voru konur mjög örlátar að koma með kökur eins  
og alltaf og þökkum við fyrir það.

\*Aðalfundur var haldinn 23. febrúar. Það komu tvær nýjar konur í stjórn, Gunna Stína sem  
varagjaldkeri og Ólöf Guðlaugsdóttir sem vararitari - Birna Sverrisdóttir og Hjördís  
Guðmundsdóttir fóru úr stjórn og þökkum við þeim kærlega fyrir gott starf.

\*4. mars héldum við skemmtikvöld með Sigríði Klingenberg og var mæting mjög góð.  
Þetta var mjög skemmtilegt kvöld.

\*Í maí héldum við nokkrar stjórnarkonur ásamt stjórnarmönnum úr björgunarsveitinni okkar á  
Landsping á Hellu og var það mjög gaman og fróðlegt að sitja þingið. Það er algjörlega  
nauðsynlegur þáttur í starfi stjórnar að sitja svona þing að okkar mati. Og þeir Hellu-menn  
voru heldur betur höfðingjar heim að sækja.

\*Við afhentum sundlauginni 2 göngugrindur í sinn hvorn klefann.

\*Sjómannahelgin gekk í garð. Og auðvitað tókum við á honum stóra okkar eins og okkur einum er lagið. Gekk helgin bara mjög vel, enda erum við með mjög duglegar konur sem eru alltaf tilbúnar að mæta og bretta upp ermar.

Margar hendur vinna létt verk.

En að sjálfsögðu óskum við svo sannarlega eftir fleiri konum í lið með okkur.

\*Þetta árið ákváðum við ásamt björgunarsveitinni að bregða aðeins útaf vananum og verðlauna konur og menn fyrir góða vinnu um sjómannahelgi og halda sameiginlega grillveislu. Farið var í hópeflisleiki. Þetta gekk mjög vel og skemmtu allir sér konunglega. Það var rætt um að gera þetta að árlegum viðburði. Viljum koma því á framfæri að unglिंगadeildin vinnur einnig baki brotnu þessa helgi. Otti sá um að hafa grill-veislu fyrir þau svo þau væru ekki skilin útundan. Við þökkum Hafbjörgu kærlega fyrir alla aðstoð.

\*Um hvítasunnuhelgina var bláalónsprautin og gáfum við svöngum hjólreiðamönnum súpu á plani Bláa Lónsins.

\*Farið var í Þórsmörk 16. – 18. sept. og mættu 22 konur í banastuði. Ferðin gekk vel og var svakalega gaman eins og alltaf þegar Þórkötlur koma saman!

\*Haustfundurinn var haldinn 14. okt. það var mjög góð mæting. Það var tískusýning frá Palóma, Betra Hár greiddi módelunum og var með kynningu á hárvörum. Edda Björgvins mætti í öllu sínu veldi og var hreint út sagt frábær. Einnig var boðið uppá dýrindis kjúklingasalát sem stjórnin reiddi fram. Nokkrar nýjar konur gengu í félagið.

\*Handverksmarkaður var haldinn 1. nóv. í húsi deildarinnar og seldum við vöfflur og kaffi. Það var mjög margt fólk sem mætti til að selja og fjöldinn allur að versla. Þetta verður aftur í haust en þá með aðeins breyttu sniði.

\*Við höldum aðventuskreytingakvöld 18. nóv. og kom Gugga frá Blómakoti til að kenna okkur að búa til glæsilegar skreytingar. Þetta var notaleg og frábær kvöldstund. Við buðum uppá jólaglög og piparkökur. Við ætlum að endurtaka þetta.

\*Við enduðum svo árið á jólarósasölu til fyrirtækja sem gekk alveg frábærlega vel.

\*Á gamlársmarkaði fengum við Slysavarnadeildin Þórkatla ásamt öðrum sjálfboðaliðasamtökum veitta viðurkenningu frá Grindavíkurbæ og erum við mjög stoltar af því.

**Sjáumst 17. janúar.**

**Gleðilegt ár og þökkum stuðninginn á liðnu ári.  
Kveðja Slysavarnadeildin Þórkatla.**

